# Dæmi um skipulag móttökuviðtals nýrra nemenda á Íslandi

**Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er dæmi um almennt móttökuviðtal og skólar gætu viljað bæta við, breyta eða aðlaga að sínum áherslum í skólastarfi.**

| **Hver?**<br><br>**Skýr verkaskipting auðveldar undirbúning** | **Hvað?**<br><br>**Lýsing á þeim verkefnum sem inna þarf af hendi** | **Gögn?**<br><br>**Til þess að afhenda, sýna eða til stuðnings** |
|---|---|---|
| Stjórnandi | Bjóða velkomin í skólann og öll kynna sig. | |
| | Kynna foreldrum rétt túlkaþjónustu. | |
| | Finna þarf leið til þess að samskipti heimilis og skóla séu tryggð.<br>Lesa uppalendur tölvupóst?<br>Á hvaða tungumálum?<br>Geta þau lesið ritað mál?<br>Þarf að huga að aðgengismálum þegar skilaboð eru send frá skóla? | Upplýsingar úr Frigg |
| | Spyrja þarf um heilsufar barnsins og hvort það sé með sjúkdóma eða noti lyf sem skólinn þarf að vita af. | |
| | Kynna þjónustu skólahjúkrunarfræðings og ræða sjónmælingar, heyrnarmælingar og minnast á tannlæknaþjónustu fyrir börn. | |
| | Skóladagatal kynnt og helstu frídagar útskýrðir. | Skóladagatal |
| | Þjónusta íslenskuvers kynnt. | Umsókn um íslenskuver |
| Umsjónarkennari | Stundatafla barnsins kynnt og faggreinar útskýrðar. | Stundatafla |
| | Kennarar og starfsfólk kynnt. | Listi yfir kennara og starfsfólk með myndum |
| | Sundkennsla á Íslandi útskýrð og spurt út í sundkunnáttu barnsins.<br>Kynning á stuðningsúrræðum í sundi ef þörf er á. | |
| | Hvað þarf barnið að taka með sér í skólann?<br>Hvaða gögn þarf barnið í skólann? | Listi með myndum |

MML miðja máls og læsis

Reykjavík

| | | |
|---|---|---|
| | Hvað þarf barnið að eiga heima? | |
| | Matur. Spyrja þarf hvort það sé eitthvað sem barnið megi ekki borða. Útskýra þarf að tillit sé tekið til ofnæmis, fæðuóþols, trúar- og lífsskoðana. | |
| | Reglur um nesti í skólanum útskýrðar.<br>Reglur um gos og sælgæti<br>Hnetulaus skóli | |
| Fulltrúi félagsmiðstöðvar eða frístundaheimilis | Kynning á starfsemi félagsmiðstöðvar eða frístundaheimilis. | Dagskrá félagsmiðstöðvar |
| Fulltrúi Velkomin í hverfið | Kynning á skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi í hvefinu. | Bæklingar |
| | Næstu skref útskýrð og fundartími vegna Stikum af stað/stöðumats festur. | |
| | Gengið um skólann.<br>Helstu rými sýnd. Inngangur, íþróttahús, sérgreinastofur og matsalur.<br>Vakin athygli á hvar farið er úr skónum og til hvers er ætlast í hverju rými. | |